# Hugsum áður en við hendum

## Breytingar á sorphirðu í Stykkishólmi

Stykkishólmsbær

Íslenska Gámafélagið

Apríl 2008

# Samningur undirritaður í október 2007



# Stykkishólmur

- Breytingar á sorphirðu í Stykkishólmi tóku gildi 21. jan. 2008

- Hvað var gert
- Hvernig
- Árangurinn
- Kostnaður



# Stykkishólmur

- Hvað var gert
  - Flokkun heimilissorps
    - Almennt
    - Endurvinnanlegt
    - Lífrænt
  - Þrjár tunnur við hvert heimili
    - Grá
    - Græn
    - Brún



# Hvernig?

- Þrjár tunnur við hvert heimili
  - Grá tunna
    - Almennt sorp



  - Græn tunna
    - Endurvinnanlegur úrgangur




  - Brún tunna
    - Lífrænn úrgangur



# Gráa tunnan



- Almennt sorp
    - Gler
    - Bleiur
    - Óhreinn úrgangur
    - Óflokkanlegur úrgangur
    - Allt það sem ekki fer í hinar tunnurnar

– Gráa tunnan er losuð einu sinni í mánuði

– Innihaldið úr gráu tunnunni fer í urðun

# Græna tunnan




- Endurvinnanlegur úrgangur
  - Bylgjupappi – Beint í tunnuna
    - T.d. hreinir pitsukassar
  - Dagblöð og tímarit – Beint í tunnuna
  - Fernur og sléttur pappi – í glærum plastpokum
    - Hreinar fernur, morgunkornspakkar ofl.
  - Plastumbúðir – í glærum plastpokum
  - Minni málmhlutir – í glærum plastpokum












# Græna tunnan




**Hráefni sem fer í grænu tunnuna**

**þarf að vera hreint**

Fernur þarf að skola

Niðursuðudósir þarf að skola

Plastumbúðir þarf að skola

# Græna tunnan




- **ATH**
  - Gler má ekki fara í grænu tunnuna
    - Hráefnið úr tunnunum er handflokkað og glerið getur því skapað hættu við flokkun
  - Rafhlöður mega ekki fara í grænu tunnuna
    - Rafhlöður flokkast sem spilliefni
- Græna tunnan er losuð einu sinni í mánuði
- Innihald grænu tunnunnar er flokkað og sent til endurvinnslu

# Brúna tunnan

- **Lífrænn úrgangur**
  - Ávextir
  - Grænmeti
  - Brauð
  - Egg og eggjaskurn
  - Kjöt
  - Fiskur
  - Tepokar
  - Kaffikorgur
  - Hrísgrjón





# Brúna tunnan

- **Ekki má setja í brúnu tunnuna**
    - Ryksugupoka
    - Bleiur
    - Gler
    - Plast
    - Ösku
    - Hunda- og kattasand
    - Ólífrænan úrgang












# Brúna tunnan

- Framkvæmdin
  - Lífrænn úrgangur settur í maíspoka
  - Þegar pokinn er fullur er bundið fyrir og pokinn settur í Brúnu tunnuna
  - Brúna tunnan er síðan losuð á tveggja vikna fresti
  - Innihaldið sett í jarðgerðarvél og úrgangnum breytt í næringarríka moltu








# Jarðgerðarvélin




- Envicont 400D
  - Getur tekið við 400 tonnum á ári
  - Vélin tryggir kjör aðstæður fyrir moltugerð
    - Hiti
    - Rakastig
  - Ferlið tekur um 8-14 daga
    - Afurðin er molta sem þroskast þarf í ca 3 mán fyrir notkun

# Moltan nýtt til gróðursetningar og uppgræðslu í Stykkishólmi



# Markmiðið var að minnka það magn sem fer til urðunar um 60-70%



# Vandamál - Utandyra

- Hvar á að hafa tunnurnar?
  - Hafa tunnur sem næst gangstétt
  - Gera tunnuskýli => fokvandamál úr sögunni
  - Mismunandi útfærslur á skýlum!





# Dæmi um tunnuskýli

- Dæmi um einfalt og gott tunnuskýli
  - Teikningar og efnislisti fengust án endurgjalds á skrifstofu bæjarins og hjá Íslenska Gámafélaginu





# Vandamál - Innandyra

- Flokkunar ílát undir vaska
  - Fjölhólfa tunnur
  - Útdraganlegar



- Plastkassar
  - Hægt að stafla





# Framkvæmd verkefnis

- Kynning
  - Handbók um nýtt skipulag sorphirðu í bænum með leiðbeiningum um flokkun
  - Starfsmenn Íslenska Gámafélagsins veita fræðslu um flokkun


Stykkishólmur

*Breytingar á sorphirðu í Stykkishólmi*

**Íslenska Gámafélagið**

**Janúar 2008**

**Við hugsum áður en við hendum**

- *Græna tunnan - Endurvinnanlegur úrgangur*
- *Brúna tunnan - Lífrænn úrgangur*
- *Gráa tunnan - Almennt sorp*

# Framkvæmd verkefnis

- Tunnur – afhending
  - Starfsmenn Íslenska Gámafélagsins dreifðu tunnum 25. og 26. janúar s.l
  - Maíspokar og grindur voru í Brúnu tunnunni
- Eftirfylgni
  - Borgarafundur
  - Íbúar heimsóttir

# Sorpflokkun-spurt og svarað

- Gler? Best er að skila öllu gleri í gámastöðina Snoppu. Allt gler sem berst gámastöðinni fer í landfyllingu. Gler má setja í gráu tunnuna. Gler má alls ekki fara í grænu tunnuna.
- Latexhanskar?  Fara í gráu tunnuna.
- Tyggjó? Í gráu tunnuna.
- CD diskar? Fara í almennu tunnuna þar sem þeir eru úr plastblöndu og einnig er málmþynna í þeim.
- Bómull? Í gráu tunnuna.
- Litaðar servéttur: Í gráu tunnuna. Þar sem ekki er gott að sjá hvaða efni eru í litunum.
- Íspinnaspýtur? Íspinnaspýtur eru gott stoðefni og mega því fara í lífrænu tunnuna best er að brjóta þær í nokkra parta.

# Sorpflokkun-spurt og svarað frh.

- Gamall fatnaður sem ekki fer annað? Í gráu tunnuna þar sem gamall fatnaður og vefnaðarvara er ekki endurvinnanleg.
- Pappír úr pappírstætara? Fer í glæran poka í grænu tunnuna.
- Kjúklingabein? Bein moltast ekki og fara því í gráu tunnuna. Það er þó í lagi að það fari aðeins af minni beinum í lífrænu tunnuna.
- Smjörpappír/bökunarpappír? Í gráu tunnuna. Hins vegar ef bökunarpappírinn er merktur: „Environment: The bakingpaper is made of cellulose-fiber, which is bleached without the use of chlorine. The paper is biodegradable." Þá brotnar hann niður í moltugerðarvélinni og má því fara í lífrænu tunnuna.

# Markmiðum fyrir árið 2020 hefur verið náð!

68 % heimilisúrgangs fer í endurvinnslu

- 34% í brúnu tunnuna
- 34% í grænu tunnuna
- 32 % í gráu tunnuna til urðunar.

- Lykilinn að þessum góðu árangri er kynning og fræðsla.

# Kostir við aðferðina

- Umhverfsivæn aðferð
- Atvinna elfd í heimabyggð
- Lítill kostnaðarauki
- Aukin þjónusta við íbúa

# Mjög mikilvægt er að kynna verkefnið fyrir íbúum

- Borgarafundir
- Upplýsingabæklingur
- Gengið í hvert hús/farið og komið með tillögur að staðsetningu tunna

# Hvað kostar þetta Stykkishólmsbæ?

- Sorphirðugjöld eru 25.000 á íbúð
- Kynning og undirbúningur 1-1,5 milljón kr.
- Lítil reynsla í raun, bara febrúar og mars
- Kostnaður vegna sorphirðu hefur aukist um 7% fyrstu þrjá mánuði ársins 2008
- Stykkishólmsbær áætlaði að sorphirðukostnaður myndi hækka um 25%
- Reyndar á það eftir að koma betur í ljós

# Hugsum áður en við hendum

# og verndum þannig umhverfið

